


Breyting á deiliskipulagi Nýlendureits vegna Mýrargötu nr. 21 og 23




Samþykkt deiliskipulag tók gildi 11.08.2021 í B-deild Stjórnartíðinda

Mkv. 1:500




Tillaga að deiliskipulagsbreytingu

Mkv. 1:500



Núverandi samþykkt götmynd

Mkv. 1:500



Tillaga að breytingu

Mkv. 1:500

Gildandi deiliskipulag		Tillaga að breyttu deiliskipulagi	
Númer	Stærð	Númer	Stærð
998	600	998	600

Skilmálar á samþykktu deiliskipulagi

Gildandi deiliskipulag		Tillaga að breyttu deiliskipulagi	
Númer	Stærð	Númer	Stærð
1384	1081	1384	1081

Skilmálar eftir breytingu

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í á

skipulags- og samgönguráði

þann 26. júní 2022. Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. júní 2022.



Dags: 20. janúar 2022

3.1. Mýrargata 21, áður Mýrargata 20 (Bræðraborgarstígur 2)

Á lóðinni er heimilt að byggja kirkju samkvæmt stærðarskilmálum, sem koma fram í skilmálatöflu, ásamt eftirfarandi viðbótarskilmálum. Kirkjunni skal komið fyrir á lóðinni eins og fram kemur á deiliskipulagsupprætti. Gert er ráð fyrir kjallara undir kirkjunni og heimilt er að byggja þriggja metra breiðan tengingang að utanmáli neðan jarðar milli kirkju og safnaðarhúss innan sérstaks byggingarreits sbr. uppráttur. Stærð tengingangs er utan stærðarmarka kirkjunnar. Fallið er frá kvöð um bilageymslu undir kirkjubyggingu. Kirkjulóðin skal hönnuð þannig að hún sé öll aðgengileg almenningi og hvílir sú kvöð á lóðinni. Lóðaruppráttur er sýnir nákvæma hönnun lóðar skal fylgja úmsókn um byggingarleyfi. Þrjú bílastæði skulu vera á lóðinni þar sem sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Kirkja verður stærst bygging deiliskipulagsins. Hún er sem slík eðlilega undanþegin höfuðmarkmiði deiliskipulagsins um aðlögun að smágerðu byggðarmynstri staðarins. Engu að síður eru gerðar strangar kröfur um vandað byggingarlag kirkjunnar og að lögð sé rækt við næsta umhverfi byggingarinnar þannig að hún sömi sér vel sem forystumannvirki á svæðinu.

Greinargerð:

Deiliskipulag Nýlendureits var upphaflega samþykkt í borgarráði 28.11.2013 og var birt 3.2.2014 í B-deild Stjórnartíðinda. Núgildandi deiliskipulag tók gildi í B-deild Stjórnartíðinda 11.08.2021. Deiliskipulagsbreytingin á við um lóðirnar Mýrargötu 21 og 23. Breytingin felst í að sameina lóðirnar Mýrargötu 21 og Mýrargötu 23 í eina lóð, Mýrargötu 21-23. Engar breytingar eru gerðar á umfangi eða hæð kirkjunnar eða safnaðarheimilisins. Nýtingarhlutfall breytist lítillaga þar sem tengingangur neðanjarðar er talinn með í fermetrum bygginganna. Stærð lóðar Mýrargötu 23 er 386 m². Stærð lóðar Mýrargötu 21 er 998 m² en samanlagt verða þær 1384 m². Við sameininguna verða 4 bílastæði á lóðinni, þar af eitt fyrir fatlaða. Að öðru leiti gilda fyrri skilmálar.